

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 8. október 2019  
UST201909-311/A.B.  
10.04.00

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi - Rangárþing eystra 2012 - 2024 – Nýtt deiliskipulag fyrir Kirkjuhvolsreit á Hvolsvelli.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Kirkjuhvolsreit á Hvolsvelli.

Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagsbreytingunni verður svæði fyrir samfélagsþjónustu S116 stækkað til norðurs þar sem 0,3 ha af íbúðarsvæði ÍB114 og um 0,5 ha af landbúnaðarlandi verður breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur